



LANDSBRÉF

Ársskýrsla 2014

Ávarp stjórnarformanns	3
Árið í hnotskurn	4
Lykiltölur úr rekstri	7
Sjóðir og félög	8
Skuldabréfasjóðir	8
Innlendir hlutabréfasjóðir	10
Erlendir hlutabréfasjóðir	12
Blandaðir sjóðir	16
Sérhæfðar fjárfestingar	16
Fagfjárfestasjóðir	19
Sjóðir í slitaferli	19
Stýring og eftirlit með áhættu	20
Stjórn og stjórnarhættir	21
Stjórn	21
Skipurit	22
Hlutverk og gildi	23
Stjórnarháttayfirlýsing	24
Ársreikningur	30

Ávarp stjórnarformanns

Íslenskt efnahagslíf hélt áfram að styrkjast á árinu 2014 þó hagvöxtur hafi verið heldur hægari en vonir stóðu til. Kaupmáttur launa jókst verulega og víða mátti sjá góðan bata hjá fyrirtækjum. Verðbréfamarkaður var rólegur fram eftir ári en tók vel við sér á síðustu mánuðum ársins, einkum hlutabréfamarkaður. Þó stöðugleiki hafi einkennt efnahagslífið á árinu 2014 eru blikur á lofti þar sem niðurstöður kjarasamninga og afdrif gjaldeyrishafta geta haft veruleg áhrif. Við slíkar aðstæður geta mögulega orðið miklar sveiflur í efnahagslífinu. Því þurfa þeir aðilar sem taka að sér að annast fjármuni almennings og fyrirtækja að vera vel í stakk búnir til að bregðast við þeim.

Rekstur Landsbréfa gekk vel á árinu 2014. Rekstrartekjur jukust um 14% og hagnaður eftir skatta nam 188 m. kr. Sjóðastýring félagsins skilaði almennt góðum árangri fyrir fjárfesta en eignir í stýringu í lok ársins námu 111 milljörðum króna. Nýr framkvæmdastjóri, Helgi Þór Arason, var ráðinn til félagsins á vormánuðum. Helgi býr að mikilli reynslu af störfum sínum á fjármálamarkaði sem nýttast mun Landsbréfum til enn frekari sóknar.



Sigurbjörn Jón Gunnarsson

Stjórnarformaður Landsbréfa

Landsbréf hafa á liðnum misserum fest sig í sessi sem öflugt sjóðastýringarfyrirtæki. Á árinu 2014 var lögð áhersla á að skerpa línur í rekstri félagsins, styrkja innviði þess og auka sölustarf. Sem fyrr leggja Landsbréf áherslu á góða stjórnarhætti og endurspeglar sú áhersla þá sýn Landsbréfa að góðir stjórnarhættir ásamt kröftugu og metnaðarfullu starfsfólki séu forsendur góðs rekstrar.

Ef vel verður á haldið eru bjartir tímar framundan í efnahagsmálum á Íslandi. Aukinn sparnaður og fjárfestingar kalla á þjónustu ábyrga og skilvirkra fyrirtækja á fjármálamarkaði. Þar ætla Landsbréf að vera öflugur þátttakandi.

Árið í hnotskurn

Um Landsbréf

Landsbréf eru sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Félagið hefur starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða auk þess að hafa starfsleyfi til eignastýringar og fjárfestingaráðgjafar.

Landsbréf voru stofnuð árið 2008 sem rekstrarfélag verðbréfasjóða. Landsbréf eru hluti af samstæðu Landsbankans sem eignaðist félagið á árinu 2010. Einu hluthafar félagsins eru Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., kt. 530407-1790, sem á 99,99% hluta, og Blámi fjárfestingarfélag ehf., kt. 470301-3920, sem á 0,01% hluta, en bæði félögin eru dótturfélög Landsbankans hf.

Árið 2014 var gott í rekstri Landsbréfa. Eftir mikinn vöxt og vöruþróun á árinu 2013 var á árinu 2014 lögð áhersla á að styrkja innviði félagsins og skerpa línur í sjóðaframboði þess.

Hreinar rekstrartekjur félagsins á árinu námu 1.104 milljónum króna samanbórið við 969 milljónir árið 2013. Hagnaður af rekstri nam

188 milljónum króna samkvæmt rekstrarreikningi samanbórið við 187 milljónir króna árið 2013. Eigið fé í árslok nam 1.832 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi samanbórið við 1.644 milljónir króna í árslok 2013. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 53,76% en þetta hlutfall má lægst vera 8% lögum samkvæmt.

Meginstarfsemi Landsbréfa á árinu fólst í sjóðastýringu. Í lok ársins 2014 annaðist félagið rekstur/stýringu 31 sjóðs og lögaðila samanbórið við 35 í árslok 2013. Alls voru um 12 þúsund einstaklingar og lögaðilar með fjármuni í sjóðum Landsbréfa á árinu 2014.

Félagið hefur jafnframt starfsleyfi til að sinna eignastýringu og fjárfestingaráðgjöf og stýrir, á grundvelli þeirra heimilda, m.a. hluta af eignasafni Tryggingasjóðs innstæðu-eigenda og fjárfesta auk þess sem það hefur sinnt nokkrum verkefnum á sviði fjárfestingaráðgjafar. Í lok árs voru eignir í stýringu hjá Landsbréfum samtals um 111 milljarðar króna. Starfsmönnum fækkaði um einn á árinu og voru þeir 18 talsins í árslok 2014.



Hjólreiðalið Landsbréfa - Team Landsbréf 2014 - vann WOW Cyclothon í sínum flokki.

Fyrsti ársfjórðungur

Eftir mikinn vöxt og vöruþróun á árinu 2013 og fjölgun starfsmanna úr 15 í 19 fór árið 2014 rólega af stað.

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 21. mars 2014 í höfuðstöðvum félagsins að Borgartúni 33 í Reykjavík. Á fundinum fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf. Stjórn félagsins var endurkjörin og samþykkt var að hagnaði af rekstri félagsins á árinu 2013 skyldi ráðstafað til hækkunar á eigin fé.

Annar ársfjórðungur

Í apríl urðu breytingar á framkvæmdastjórn félagsins eftir að Sigþór Jónsson sagði starfi framkvæmdastjóra lausu. Eftir ítarlegt ráðningarferli var Helgi Þór Arason ráðinn nýr framkvæmdastjóri Landsbréfa úr hópi margra hæfra umsækjenda en hann hafði áður gegnt starfi forstöðumanns Markaðsviðskipta í Landsbankanum hf. Helgi tók við starfinu í júní 2014 en fram að þeim tíma gegndi Hermann Már Þórisson, forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga, starfinu til bráðabirgða.

Framtakssjóðurinn Horn II slhf. lauk þremur fjárfestingum á öðrum ársfjórðungi. Fyrsta fjárfestingin var þegar félagið jók við eignarhlut sinn í Hvatningu hf. sem á kjölfestuhlut í Bláa Lóninu hf. Önnur fjárfesting félagsins voru kaup á meirihluta í Keahótelum ehf., sem er einn stærsti rekstraraðili hótela á landinu, og þriðja fjárfesting félagsins voru kaup þess á um þriðjungshlut í Fáfni Offshore hf.

Nýr fagfjárfestisjóður, Hekla fagfjárfestisjóður, var stofnaður á fjórðungnum. Sjóðurinn er vogunarsjóður sem fjárfestir einkum í innlendum hlutabréfum og hefur víðtækar heimildir til skuldsetningar.

Landsbréf sendu lið í hjólreiðakeppnina Wow Cyclothon og sigraði lið Landsbréfa í sínum flokki með nokkrum yfirburðum. Í fararbroddi liðsins voru þeir Helgi Júlíusson, sem stýrir ferðasjóðnum Landsbréf – ITF, og Ólafur Jóhannsson sjóðstjóri hlutabréfa.

Helgi Þór Arason var ráðinn nýr framkvæmdastjóri Landsbréfa úr hópi margra hæfra umsækjenda en hann hafði áður gegnt starfi forstöðumanns Markaðsviðskipta.

Þriðji ársfjórðungur

Á þriðja ársfjórðungi fór nokkur vinna í stefnumótun þar sem farið var kerfisbundið yfir sjóðaframboð félagsins og innra skipulag. Í framhaldinu var ákveðið að vinna að fækkun sjóða og stefna þannig að markvissara vöruframboði félagsins.

Gengið var til samstarfs við Árna Blöndal og Sigurð Arnljótsson hjá SA Framtaki ehf. með það fyrir augum að stofna nýjan sjóð á sviði nýsköpunar- og sprotafjárfestinga. Í framhaldinu var farið í að kynna Brunn vaxtarsjóð fyrir fagfjárfestum og stóð það kynningarstarf út árið.

Fjórði ársfjórðungur

Á fjórða ársfjórðungi var kauphallarsjóðnum Landsbréf – LREAL slitið. Sjóðurinn, sem var fyrsti skráði skuldabréfasjóðurinn sem tekinn var til viðskipta í kauphöll, hafði ekki fengið nægilegan hljómgrunn á markaði og var því


ákveðið að slíta sjóðnum. Þá var fjárfestingasjóðnum Landsbréf – Einkabréf D, Landsbréf - LBOND og Landsbréf – Markaðsbréf sértryggt einnig slitið. Auk þess var tekin ákvörðun um slit á verðbréfasjóðnum Landsbréf – Veltubréf og stofnaður nýr fjárfestingasjóður, Landsbréf Veltubréf II, sem ætlað var að leysa verðbréfasjóðinn af hólmi. Var það mat Landsbréfa að fjárfestingasjóðsformið hentaði betur fyrir lausafjár sjóð og hlaut hinn nýi sjóður mjög góðar viðtökur hjá fjárfestum. Þá var fagfjárfestingasjóðnum Landsbréf LEQBULL, LBS II og LBS VI öllum slitið.

Í desember lauk stóru ráðgjafaverkefni sem Landsbréf höfðu sinnt fyrir Landsbankann og fólst í úrvinnslu á eignasafni Horns fjárfestingarfélags ehf. Sú vinna hafði staðið frá haustinu 2012 og hafði skilað eiganda Horns góðri ávöxtun. Verkefninu lauk með slitum Horns í árslok 2014.


Lykiltölur úr rekstri

Eignir í stýringu hjá Landsbréfum


Allar tölur eru í milljónum króna.



Eigið fé Landsbréfa



Hagnaður Landsbréfa



Sjóðir og félög

Landsbréf annast rekstur á þrenns konar sjóðum: verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og fagfjárfestingsjóðum. Í lok desember 2014 voru 29 sjóðir í rekstri félagsins og tvö eignasöfn til viðbótar í stýringu í samræmi við aukið starfsleyfi félagsins til eignastýringar og fjárfestingaráðgjafar. Í árslok voru hlutdeildarskírteinishafar í sjóðum Landsbréfa um 12 þúsund talsins.

Skuldabréfasjóðir

Landsbréf reka sex ríkisskuldabréfasjóði: Landsbréf – Sparibréf ríkisvixla, Landsbréf – Sparibréf stutt, Landsbréf – Sparibréf meðallöng, Landsbréf – Sparibréf plús, Landsbréf – Sparibréf verðtryggð og Landsbréf – Sparibréf óverðtryggð. Sjóðirnir eru verðbréfasjóðir og hafa allir sömu fjárfestingarstefnu en eru ólíkir hvað varðar líftíma og samsetningu verðtryggðra og óverðtryggðra bréfa. Þá reka Landsbréf einn blandaðan skuldabréfasjóð, verðbréfasjóðinn Landsbréf – Markaðsbréf, sem fjárfestir í skuldabréfum útgefnum af ríki, sveitarfélögum, fjármálafyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum. Landsbréf reka einnig skammtímasjóðinn Landsbréf – Veltubréf II sem fjárfestir í innlánnum og í peningamarkaðsgerningum með ábyrgð ríkis, sveitarfélaga og fjármálafyrirtækja. Landsbréf – Veltubréf II er fjárfestingarsjóður.


Skuldabréfamarkaður tók nokkuð óvænta stefnu á árinu 2014. Væntingar markaðsaðila um aukna verðbólgu og hagvöxt á síðari hluta ársins gengu ekki eftir og hröð hjöðnun verðbólgu einkenndi öðru fremur síðari hluta ársins en tólf mánaða verðbólga mældist 0,8% í árslok. Árstaktur verðbólgunnar mældist 4,15% í ársbyrjun og var verðbólguhjöðnun um og eftir mitt ár verulega umfram spár. Áhrif þessa á skuldabréfamarkað voru skýr en verðbólguálag á markaði lækkaði umtalsvert á árinu, úr 4-5% í upphafi árs í 2-3% í árslok. Á þriðja ársfjórðungi tók ávöxtunarkrafa óverðtryggðra bréfa að lækka nokkuð og tók stökk niður á við þegar Peningastefnunefnd Seðlabankans tók loks skrefið og lækkaði vexti um alls 0,75% á fundum sínum í nóvember og desember eftir tveggja ára tímabil óbreyttra vaxta. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra bréfa lækkaði einnig nokkuð fyrst um sinn við vaxtalækkunar Seðlabankans en þokaðist fljótlega upp á við aftur samhliða lækkandi verðbólgu.

Óverðtryggð ríkisskuldabréf gáfu þannig mun betur af sér en verðtryggð á árinu en ávöxtun 10 ára óverðtryggðu vísitölunnar OMXI10YNI var 13,5% á móti 1,6% ávöxtun verðtryggðu vísitölunnar OMXI10YI. Velta skuldabréfa í Kauphöllinni hefur dregist nokkuð saman síðastliðin þrjú ár en hún var um 16% minni á

Þróun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisskuldabréfa á árinu



Þróun ávöxtunarkröfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa á árinu



Ávöxtun skuldabréfasjóða Landsbréfa var almennt góð miðað við markaðsaðstæður og í samanburði við aðra sjóði.

árinu 2014 en árið áður. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður en ef til vill er sú veigamest að samhliða uppbyggingu hlutabréfamarkaðar hefur fjárfestingarkostum fjölgað og fjárfestingar dreifst á fleiri eignaflokka. Einnig má leiða líkur að því að eftirspurnarþrýstingur frá erlendum aðilum á skuldabréfamarkaði hafi slaknað nokkuð síðustu ár. Útgáfa skuldabréfa frá öðrum útgefendum en ríki hefur farið hægt af stað en markaður með slík bréf er þó að byggjast upp og styrkjast. Um er að ræða skuldabréf útgefin af sveitarfélögum, sértryggð skuldabréf fjármálastofnana og skuldabréf útgefin af sjóðum og fyrirtækjum. Líklegt er að áframhaldandi uppbygging verði á þessum markaði.

Ríkisskuldabréfasjóðir Landsbréfa minnkuðu lítillega á árinu, sem er í samræmi við almenna þróun á markaðnum. Á móti kom að nokkuð innflæði var í aðra skuldabréfasjóði. Skammtímasjóðirnir Landsbréf – Veltubréf og Landsbréf – Veltubréf II stækkuðu um tæp 165% samtals og blandaði skuldabréfasjóðurinn Landsbréf – Markaðsbréf um rúm 11%. Ávöxtun skuldabréfasjóða Landsbréfa var almennt góð miðað við markaðsaðstæður og í samanburði við aðra sjóði. Landsbréf – Sparibréf óverðtryggð var til að mynda með hæstu ávöxtun allra skuldabréfasjóða á árinu, eða 10,3%, en þetta er fjórða árið í röð sem Landsbréf (áður Landsvaki) eiga besta skuldabréfasjóð ársins.

Innlendir hlutabréfasjóðir


Landsbréf reka þrjá innlenda hlutabréfasjóði: Landsbréf – Úrvalsbréf, Landsbréf – Öndvegisbréf og kauphallarsjóðinn Landsbréf – LEQ.

Landsbréf – Úrvalsbréf er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir að mestu leyti í innlendum hlutabréfum sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Landsbréf – Öndvegisbréf er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir bæði í skráðum og óskráðum innlendum hlutabréfum.


Landsbréf – LEQ er eini innlendi kauphallarsjóðurinn. Sjóðurinn er vísitölusjóður sem fylgir OMXI8CAPISK vísitölunni, sem er afbrigði af OMXI8ISK. Sjóðurinn er frábrugðinn hefðbundnari sjóðum að því leyti að viðskipti með hlutdeildarskírteini fara fram gegnum kauphöll í rauntíma, eins og þegar um hlutabréf er að ræða. Nafnávöxtun Landsbréfa – Úrvalsbréfa á árinu var 7,01%, sem er 2,94% umfram viðmið sjóðsins, OMXI8ISK vísitölu Kauphallar Íslands. Nafnávöxtun Landsbréfa – Öndvegisbréfa á árinu var 10,48%, sem er 0,10% undir viðmiði sjóðsins, OMXIPI vísitölu Kauphallar Íslands.

Heildarvelta með hlutabréf á árinu 2014 nam 292 ma.kr., eða um 1,8 ma.kr á dag, sem var um 16% aukning frá fyrra ári. Mest viðskipti voru með bréf í Icelandair, eða 71,9 ma.kr., sem er rúmlega tvöfalt meiri velta en með næstu félög á eftir, Marel og Haga.

Gengispróun Landsbréfa - Úrvalsbréfa samanborin við viðmið



Gengispróun Landsbréfa – Öndvegisbréfa samanborin við viðmið



Í apríl bættust tvö félög í Kauphöll Íslands þegar Sjóvá var nýskráð og HB Grandi fluttist af First North yfir á Aðallistann og var áhugi fjárfesta í útboðunum nokkur. Félögin hafa átt misjöfnu gengi að fagna eftir skráningu en gengi hlutabréfa í Granda hefur hækkað talsvert frá skráningu á meðan gengi bréfa í Sjóvá hefur litið breyst í árslok.

Úrvalsvísitalan hækkaði um 4,1% á árinu sem er talsvert minna en árið áður þegar vísitalan hækkaði um 18,9%. Á fyrstu sex mánuðum ársins lækkaði vísitalan um 9,81%. Á seinni helmingi ársins tók landið svo að rísa, skráð félög skiluðu betri uppgjörum og gengi flestra félaga hækkaði talsvert, sérstaklega frá miðjum október til ársloka. Um mitt ár var félögum í vísitölunni fjölgað úr sex í átta. Við þá breytingu datt Eimskip út úr vísitölunni en inn komu N1, Grandi og Sjóvá. Í lok árs var svo tilkynnt að í byrjun árs 2015 myndu Eimskip koma aftur inn í vísitöluna á kostnað Sjóvá.

Gengi bréfa Össurar hækkaði mest, eða um 58%, og Granda næstmest eða um 54% sé miðað við gengið á First North í upphafi árs. Miðað við útboðsgengi í skráningu á Aðallista hækkuðu hlutabréf í Granda um 22%. Gengi TM lækkaði um tæplega 18% og gengi VIS um 16% en horfa verður til þess að félögin greiddu út myndarlegan arð á árinu sem skýrir lækkunina að hluta. Sama má segja um N1 en félagið greiddi bæði út arð á árinu og lækkaði

hlutafé um 30%. Í slíkum tilfellum nægir ekki að horfa eingöngu á gengisbreytingar til þess að meta heildararðsemi fjárfesta.


Erlendir hlutabréfasjóðir

Erlendir sjóðir Landsbréfa eru tveir. Annars vegar Landsbréf – Nordic 40 sem er vísitölusjóður á norræna markaðnum sem fjárfestir í 40 stærstu og veltumestu félögunum í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Hins vegar Landsbréf – Global Equity Fund sem fjárfestir að mestu leyti í öðrum hlutabréfasjóðum en getur fjárfest í stökum verðbréfum allt að 30%. Sá sjóður getur fjárfest allsstaðar í heiminum.


Nafnávöxtun Landsbréfa – Nordic 40 var 12,61% á árinu 2014 sem var tæpum 4% hærra en viðmið sjóðsins. Nafnávöxtun Landsbréfa – Global Equity Fund, sem er sjóðasjóður, var 14,7%, mælt í EUR sem var 2,3% undir viðmiði sjóðsins.

Árið 2014 einkenndist af miklu ójafnvægi á mörkuðum. Helstu ástæður þess voru að efna-hagsbati í Evrópu lét á sér standa en bjartsýni var nokkur þar sem hagvöxtur mældist jákvæður á seinni helmingi ársins 2013. Önnur ástæða var mikil lækkun á olíuverði. Olíuverð hafði verið nokkuð stöðugt frá lokum árs 2010 og hafði haldist á bilinu 90-110 dollarar fyrir tunnu af Norðursjávar-hráolíu. Á miðju síðasta ári fór olía að lækka í verði en á þeim tíma höfðu borist neikvæðar fréttir af hag-

Gengispróun Landsbréfa – Nordic 40 samanborin við viðmið



Gengispróun Landsbréfa – Global Equity Fund samanborin við viðmið



vexti í Evrópu og Kína ásamt því að fjölmörg lönd glímdu við ýmiskonar efnahagserfiðleika. Þegar jafnframt var ljóst að framleiðsla var u.þ.b. 1,5-2 milljónum tunna meiri á heimsvísu en þörf var á og að áætluð aukning framleiðslu árið 2015 yrði meiri en aukning eftirspurnar fór verð að lækka. Lækkunarferlið stóð yfir til loka ársins 2014 og hélt áfram í janúar 2015. Frá hæsta gildi ársins 2014 þann 19.júní og fram til 13. janúar 2015 lækkaði Norðursjávarhráolía um rétt tæp 60%. Eins og við er að búast hafði þessi lækkun mikil áhrif á hlutabréfamarkaði. Félög sem hafa tekjur af framleiðslu á olíu og/eða olíuleit, þjónustu við framleiðendur o.s.frv. lækkuðu mikið í verði. Félög sem reiða sig á olíu eða afurðir framleiddar úr olíu í sína framleiðslu hafa hækkað í verði en sem dæmi áttu flugfélög mjög gott ár 2014. Þessi mikla lækkun skapaði einnig mikla óvissu hjá ríkjum sem flytja út olíu eins og Rússland, Noregur, OPEC ríkin ofl. Togstreita skapaðist á milli aðildarríkja í OPEC. Sum þeirra vildu minnka framleiðslu til að mæta þessari dræmu eftirspurn en gerðu þá ráð fyrir að sú minnkun kæmi alfarið frá Sádi-Arabíu sem tók það ekki

í mál á fundi ríkjanna í nóvemberlok. Olíumálaráðherra Sádi-Arabíu lét hafa eftir sér að markaðir myndu að lokum ná sér aftur þegar framboð og eftirspurn mættust.

Á hlutabréfamarkaði í Bandaríkjunum var hækkun S&P500 vísitölunnar um 13% (að teknu tilliti til arðs) en miklar sveiflur voru á árinu. Árið byrjaði illa og í lok janúar hafði vísitalan lækkað um 5% en sú lækkun gekk svo hratt til baka strax í febrúar. Vísitalan hækkaði svo nokkuð jafnt og þétt fram í október en þá tóku markaðir mikla dýfu. Þeir jöfnuðu sig þó fljótt aftur og var vísitalan orðin hærri í lok mánaðar en í upphafi hans. Bandaríski seðlabankinn tilkynnti um lok uppkaupa á skuldabréfum þar í landi þar sem hagtolur höfðu batnað.

Í Evrópu hækkaði S&P350 vísitalan nokkuð í takt við bandarísku vísitöluna framan af ári en gaf eftir undir lok árs og hækkaði einungis um 8% (að teknu tilliti til arðs). Þessi samburður skekkist þó þegar tekið er tillit til þess að evran gaf mikið eftir gagnvart dollarnum

á árinu. Að teknu tilliti til þess var u.þ.b. 18% munur á ávöxtun á þessum mörkuðum, þeim bandaríska í hag. Ástæðurnar fyrir þessu voru, eins og getið er um hér að ofan, vonbrigði með hagvöxt og ýmis önnur mál svo sem borgarastríð í Úkraínu sem leiddi af sér viðskiptaþvinganir gagnvart Rússum, áhyggjur af uppgangi hryðjuverkasamtaka í Sýrlandi/Írak og ótti við Ebólu-faraldur í álfunni.

Í Japan einkenndist árið af áframhaldandi tilraunum seðlabankans til að veikja jenið með auknum uppkaupum á skuldabréfum útgefnum af japanska ríkinu. Það gekk ágætlega þar sem jenið veiktist um 12% gagnvart dollarnum. Markmiðið með þessum aðgerðum var að hjálpa japönskum útflutningi og koma af stað aukinni einkaneyslu og verðbólgu. Nikkei vísitalan hækkaði um 9% á árinu en lækkaði ef mælt er í dollar.

Nýmarkaðsríki fóru ekki varhluta af sveiflum á mörkuðum. Rússland hefur lent einna verst í olíuverðlækkunum þar sem olía er helsta útflutningsvara landsins og stór hluti af þjóðar-

framleiðslunni kemur frá olútengdum iðnaði. Að auki bættust við viðskiptaþvinganir helstu viðskiptalanda Rússlands vegna borgarastríðsins í Úkraínu. Í Kína minnkaði hagvöxtur á árinu og var í lok árs 7,4% en hann hefur ekki verið lægri frá 2009. Hlutabréfavísitalan í Shanghai hækkaði um rúm 50% eftir nokkur mögur ár. Þessar hækkanir má rekja að einhverju leyti til þess að þann 17. nóvember var fjárfestum í Hong Kong gert kleift að fjárfesta beint í Kauphöllinni í Shanghai og öfugt en frá þeim tíma hækkaði vísitalan um 30%. Á Indlandi var allt í blóma en þar hækkaði hlutabréfavísitalan um 30% á árinu og indverska rúpían gaf lítið eftir gagnvart dollarnum. Sá markaður var því sá sem gaf hvað besta ávöxtun á árinu.

Á heildina litið var árið ágætt fyrir hlutabréfafjárfesta þrátt fyrir miklar sveiflur á flestum mörkuðum enda eru stýrivextir í sögulegu lágmarki í mörgum löndum, og jafnvel neikvæðir, sem hefur alla jafna jákvæð áhrif á verð hlutabréfa.

Á heildina litið var árið ágætt fyrir hlutabréfafjárfesta þrátt fyrir miklar sveiflur á flestum mörkuðum.

Blandaðir sjóðir


Landsbréf – Eignabréf er blandaður verðbréfasjóður sem hefur það að markmiði að bjóða upp á dreift eignasafn með virkri stýringu. Stærstur hluti sjóðsins var í skuldabréfum eða verðbréfasjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins, í takt við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Vægi hlutabréfa var aukið töluvert á árinu 2014 samhliða breytingum á fjárfestingarstefnu sjóðsins en þá var aukið við heimildir til fjárfestinga í skráðum hlutabréfum. Ávöxtun ársins var 3,3% sem endurspeglar vel þau viðmið sem undirliggjandi eignamarkaðir skiluðu á árinu 2014. Töluverðar sveiflur einkenndu eignamarkaði á árinu. Hlutabréfin áttu sérstaklega erfitt framan af ári en réttu heldur úr kútnum undir lok árs. Á skuldabréfamarkaði bar skörp hjöðnun verðbólgu án efa hæst og var ávöxtun óverðtryggðra bréfa mun betri á árinu en þeirra verðtryggðu. Markmið Landsbréfa – Eignabréfa er ávallt langtímahækkun eigna með fjárfestingum ýmist beint í verðbréfum eða í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Fyrir utan Landsbréf – Eignabréf reka Landsbréf hf. nokkra blandaða sjóði sem fyrst og fremst eru ætlaðir viðskiptavinum einkabankaþjónustu Landsbankans.

Sérhæfðar fjárfestingar

Fjölmörg verkefni komu inn á borð sérhæfðra fjárfestinga á árinu. Landsbréf reka tvo framtakssjóði, Horn II slhf. og Landsbréf Icelandic Tourism Fund I slhf. (ITF), og stendur fjárfestingatímabil beggja sjóða nú yfir. ITF fjárfestir í afþreyingartengdri ferðaþjónustu og Horn II fjárfestir í öllum geirum íslensks atvinnulífs. Á árinu var lokið við úrvinnslu eigna Horns fjárfestingarfélags ehf. en það verkefni hafði staðið yfir frá haustinu 2012. Þessu verkefni lauk með formlegum slitum á Horni fjárfestingarfélagi ehf. í lok ársins.

Fjöldi fjárfestingakosta var skoðaður á árinu og fjárfestu sjóðirnir talsvert. Þannig jók Horn II við fjárfestingu sína í Hvatningu hf., sem á kjölfestuhlut í Bláa lóninu, og er óbein eign Horns II slhf. í gegnum Hvatningu hf. sem svarar 21% hlut í Bláa Lóninu hf. Þá fjárfesti Horn II í 33% hlut í í Fáfni Offshore sem sérhæfir sig í þjónustu við olíu- og gasborpalla auk annarra verkefna á norðlægum slóðum, t.d. leitar- og björgunarstarfa. Þriðja stóra fjárfesting Horns II á árinu var síðan kaup á 60% hlut í Keahotels sem rekur 6 hótél á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi en þau eru: Hótél Borg, Hótél Kea, Hótél Norðurland,

Gengispróun Landsbréfa – Eignabréfa samanborin við undirliggjandi eignaflokka



Hótel Gígur, Apótek Hótel og Reykjavík Lights. Fjórða fjárfesting ársins var í október þegar gengið var frá kaupum á óbeinum eignarhlut í Invent Farma sl. sem er spænskt samheitalyfjafyrirtæki. Fjárfestingin fór fram með fjárfestingu í IF hf. sem á hlut í Invent Farma ehf. sem á svo 100% hlut í spænska félaginu. Svarar hinn óbeini eignarhlutur til 13,22% hlutar í spænska félaginu.

ITF hefur fjárfest í fjórum verkefnum en þau eru Hestagarðurinn Fákasel, íshellir í Langjökli, hvalasýningin Whales of Iceland og Borea Adventures.

Fákasel starfrækir hestatengda ferðapjónustu á jörðinni Ingólfshvoli í Ölfusi og hófst starfsemin í janúar 2014. Kjarninn í starfseminni er hestasýning sem höfðar til allrar fjölskyldunnar. Sýningin byggir á sérstöðu og

hæfileikum íslenska hestsins og hlutverki hans í sögu byggðar og áhersla er lögð á tengsl hestsins og íslenskrar náttúru. Reyndir framleiðendur, tæknifólk og leikhúsfólk hafa haft aðkomu að hönnun og uppsetningu sýningarinnar. Áhersla er lögð á skemmtanagildi og skipa margmiðlun, ljós og hljóð stórt hlutverk í sýningunni. Auk hestasýningarinnar er boðið upp á ferð með leiðsögn í hesthúsin og styttri sýningar þar sem áhersla er lögð á að fræða gesti um íslenska hestinn og eiginleika hans. Á staðnum eru einnig veitingastaður og verslun.

Í íshellinum í Langjökli er ætlunin að bjóða ferðamönnum upp á einstaka upplifun á heimsmaelikvarða þar sem hægt er að skoða jökulinn að innan. Hægt verður að skoða hin einstöku litbrigði sem jökullinn býður upp á auk þess sem gestir verða fræddir um myndun jökla, möguleg áhrif af hlýnun jarðar og margt fleira. Ferðamenn munu fara á sérútbúnum farartækjum á jökulinn og að mynni ganganna og geta síðan gengið inn í jökulinn sjálfan.

Framkvæmdum við íshellinn miðar vel þrátt fyrir að unnið sé við mjög óvenjulegar og oft

á tíðum erfiðar aðstæður. Stefnt er að opnum hellisins í maí 2015. Markaðssetning gengur vel og fær verkefnið mjög góðar viðtökur hjá jafnt innlendum sem erlendum ferðabjónustuaðilum og hefur auk þess fengið mikla umfjöllun í erlendum fjölmiðlum. Fjallað hefur verið um verkefnið í National Geographic og bæði Lonely Planet og Financial Times hafa valið íshellinn í Langjökli sem einn af áhuga-verðustu nýju áfangastöðunum í heiminum á árinu 2015.

Uppsetning hvalasýningarinnar Whales of Iceland er nú lokið og var hún opnuð í lok febrúar 2015. Á sýningunni, sem er staðsett í göngufæri frá miðbæ Reykjavíkur, eru líkön og beinagrindur af öllum hvalategundum sem lifa við strendur Íslands. Mikil áhersla er lögð á alhliða fræðslu og upplýsingar um hvali og m.a. stuðst við margmiðlunartækni. Sýningin er sú eina sinnar tegundar á Íslandi og jafnframt stærsta hvalasýning í Evrópu.

Í lok ársins 2014 ákvað ITF að taka þátt í hlutafjárukningu í ferðabjónustufyrirtækinu Borea Adventures sem staðsett er á Ísafirði.



Hvalir Íslands er stærsta hvalasýning í Evrópu þar sem gestir geta lært um risa hafsins.

Borea hefur skapað sér sérstöðu í ferðapjónustu á Vestfjörðum og býður upp á mjög áhuga-verðar göngu-, skíða- og kajakferðir, einkum á Jökulfjörðum og Hornströndum. Nýtt hlutafé verður nýtt til uppbyggingar aðstöðu og kaupa á búnaði sem mun, auk frekari þróunar á vöru-framboði, skapa mikla vaxtarmöguleika innan félagsins. Stjórnendur Borea, sem jafnframt eru hluthafar, búa yfir áralangri reynslu og hafa mikinn metnað til frekari uppbyggingar. ITF mun eftir aukninguna verða meirihluta-eigandi í Borea.

Landsbréf unnu á seinni helmingi ársins að stofnun nýs sjóðs, Brunns vaxtarsjóðs slhf., í samstarfi við SA Framtak. Þar er á ferðinni sprota- og nýsköpunarsjóður og var sjóðurinn kynntur og unnið að söfnun áskriftaloforða fram yfir áramót. Brunnur vaxtarsjóður mun fjárfesta í íslenskum sprota- og vaxtarfyrirtækjum. Við mat á fjárfestingarkostum verður áhersla lögð á að fyrirtækin búi yfir samkeppnisforskoti í formi þekkingar, einkaleyfis eða viðskiptahugmyndar og að frumkvöðlateymið sé framúrskarandi á sínu sviði. Áætlað er að sjóðurinn muni fjárfesta í 10 til 15 fyrir-

tækjum og að hver fjárfesting verði á bilinu 100 til 500 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn verði í flestum tilvikum leiðandi fjárfestir og að fulltrúar hans muni setjast í stjórn þeirra fyrirtækja sem fjárfest verður í.

Fagfjárfestasjóðir

Í rekstri Landsbréfa um áramót voru 7 fagfjárfestasjóðir. Þar af eru 3 í slitaferli og héldu þeir sjóðir áfram að dragast saman á árinu.

Einn nýr sjóður stofnaður, Hekla fagfjárfestasjóður var stofnaður á árinu. Hekla er gíraður sjóður og hefur sem slíkur töluverðar heimildir til skuldsetningar.

Sjóðir í slitaferli

Fyrirtækjabréf Landsbankans hafa verið lokuð síðan í október 2008 og í slitameðferð frá því í janúar 2009. Fagfjárfestasjóðirnir Landsbanki Currency Fund, Landsbanki Aquila Real Estate Fund I og Landsbanki Structured Finance III eru í slitaferli.

Stýring og eftirlit með áhættu

Eftirlit með áhættu í rekstri Landsbréfa er margþætt og hefur stjórn Landsbréfa sett rekstrarfélaginu almennar áhættureglur sem unnið er eftir. Innra eftirlit og áhættustýring fylgist reglulega með eignastöðu þeirra verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða sem félagið rekur og að sjóðirnir séu innan heimilda fjárfestingarstefnu og laga. Markaðs- og mótaðila- og lausafjáráhætta er m.a. metin reglulega með útreikningum á helstu áhættu-

mælikvörðum. Rekstraráhætta er til staðar í allri starfsemi Landsbréfa og er hún metin reglulega og stýrð til að lágmarka fjárhagslegt tjón. Reglulega er áætlun um samfelldan rekstur prófuð og yfirfarin. Innra eftirlit og áhættustýring sinnir skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnenda og eftirlitsaðila í samræmi við lög og reglur um fjármálafyrirtæki.

Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn

Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum sem allir hafa lokið hæfismati hjá Fjármálaeftirlitinu. Meirihluti stjórnar er óháður Landsbankanum, eiganda félagsins. Stjórn félagsins skipa eftirfarandi aðilar:

Sigurbjörn Jón Gunnarsson, formaður stjórnar. Sigurbjörn, sem er framkvæmdastjóri Lyfju, er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA próf frá Edinburgh University Business School.

Helga Gunnarsdóttir, meðstjórnandi. Helga, sem er sérfræðingur hjá fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf., er cand. oecón. frá Viðskiptadeild Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Jón Þór Grímsson, meðstjórnandi. Jón Þór er deildarstjóri lögfræðipjónustu fyrir fjárfestingabankastarfsemi í lögfræðideild Landsbankans. Hann er með cand. jur. próf frá Lagadeild Háskóla Íslands og hefur réttindi sem héraðsdómslögmaður.

Kristinn Ingi Lárusson, meðstjórnandi. Kristinn Ingi er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri On-Waves.

Sigríður Hrund Guðmundsdóttir, meðstjórnandi. Sigríður Hrund er með BS gráðu í viðskiptafræði frá University of South Alabama og meistaragráðu (MBA-GeM) frá Háskólanum í Reykjavík. Hún starfar sem sölustjóri hjá Fasteignakaupum ehf.

Varamenn í stjórn Landsbréfa eru tveir, þau Bergþór I. Björgvinsson, verkfræðingur í Landsbankanum, og Heiður Agnes Björnsdóttir, sjálfstætt starfandi viðskiptafræðingur.


Framkvæmdastjóri Landsbréfa hf. er Helgi Þór Arason.

Nánari upplýsingar um einstaka stjórnarmenn og umfjöllun um störf stjórnar er að finna í stjórnarháttayfirlýsingu sem er birt aftar í árskýrslunni.

Skipurit

Starfsfólk

Í árslok 2014 störfuðu 18 manns hjá Landsbréfum og fækkaði starfsmönnum um einn á árinu. Félagið er skipað reynslumiklu og hæfu fólki og er meðalstarfsaldur á fjármálamarkaði meiri en 10 ár.



Hlutverk og gildi

Hlutverk

Landsbréf eru hreyfiafl sem með virkri eignastýringu brúar bilið milli sparnaðar og fjármögnunar.

Gildi Landsbréfa

Árangur

Verðum í fararbroddi í eignastýringu á Íslandi með vörupróun, fjármögnun og stýringu eigna.

Lausnir

Við finnum lausnir fyrir þá sem þurfa fjármögnun og sparnaðarleiðir. Þannig brúum við bilið milli sparnaðar og fjármögnunar á öllum stigum íslensks samfélags.

Fagmennska

Við greinum umhverfi okkar ítarlega og erum sérfræðingar sem vilja miðla þekkingunni til viðskiptavina okkar. Við sinnum störfum okkar af fagmennsku.

Traust

Viðskiptavinir sýna okkur það traust að fela okkur stýringu eigna sinna. Við mætum því trausti með ábyrgð, gagnsæi og virkri upplýsingamiðlun.

Stjórnarháttayfirlýsing

Þessi stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa hf. hefur að geyma lýsingu á stjórnarháttum félagsins. Markmið yfirlýsingarinnar er að stuðla að því að stjórnarhættir séu opinberir og er með því lagður grunnur að gagnsæi í samskiptum milli félagsins, stjórnar þess, hluthafa og viðskiptavina. Landsbréf leggja áherslu á að viðskiptavinir, einkum þeir sem fjárfesta í sjóðum og félögum í stýringu hjá Landsbréfum, geti með einföldum hætti kynnt sér stjórnarhætti félagsins. Stjórnarháttayfirlýsingin er samin á grundvelli 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 12. gr. laga nr. 75/2010 og á grundvelli 66. gr. c laga nr. 3/2006, um ársreikninga, sbr. 1. gr. laga nr. 118/2011. Við framsetningu yfirlýsingarinnar er höfð hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. (4. útgáfa mars 2012 sem m.a. er birt á <http://www.vi.is/utgafa-vi/>). Stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa er birt í ársskýrslu félagsins auk þess sem hún er birt á heimasíðu þess (landsbref.is). Ákveðin frávík eru frá fyrrnefndum leiðbeiningum að því er varðar boðun og auglýsingu hluthafafunda, þ.m.t. aðalfunda, sem fyrst og fremst helgast af því að hluthafar eru aðeins tveir og báðir í samstæðu Landsbankans. Með sama hætti eru framboð til stjórnar ekki kynnt sérstaklega á heimasíðu félagsins.

Landsbréf leggja áherslu á vandaða stjórnarhætti og telja þá skapa nauðsynlega umgjörð fyrir heilbrigðan og traustan rekstur fyrirtækisins til frambúðar. Í lok ársins 2013 ákvað Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands að veita Landsbréfum viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Var sú viðurkenning veitt í kjölfar ítarlegrar úttektar á stjórnarháttum félagsins sem unnin var af lögmannsstofunni Lex. Landsbréf vinna stöðugt að því að treysta umgjörð stjórnarháttanna sinna og uppfæra í því skyni reglulega regluverk og ferla félagsins.

Landsbréf eru sjálfstætt fjármálafyrirtæki sem hefur starfsleyfi rekstrarfélags verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða og fagfjárfestassjóða samkvæmt 7. tölul. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Félagið hefur jafnframt leyfi til eignastýringar og fjárfestingaráðgjafar sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 27. gr. sömu laga. Rekstri sjóða Landsbréfa er hagað í samræmi við lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestassjóði.

Landsbréf eru dótturfélag Landsbankans í gegnum Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. og Bláma fjárfestingarfélag ehf. Þó Landsbréf séu sjálfstætt fjármálafyrirtæki á það í miklum samskiptum við Landsbankann, ekki síst með þeim hætti að tilteknum verkefnum

hefur verið útvistað til Landsbankans samkvæmt sérstökum útivistunarsamningum sem Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt. Landsbréf hafa sett sér sérstakar reglur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í samskiptum sínum við tengda aðila eins og Landsbankann. Reglur þessar eru birtar á heimasíðu félagsins (landsbref.is). Samskipti félagsins við hluthafa fara fram á formlegum hluthafafundum.

Landsbréf eru öflugt sjóðastýringarfyrirtæki sem leggur metnað sinn í fagleg og vönduð vinnubrögð með það að markmiði að bjóða upp á fjölbreytt framboð fjárfestingakosta fyrir bæði almenna fjárfesta og fagfjárfesta. Starfsmenn félagsins voru í árslok 2014 alls 18 talsins.

Landsbréf hafa skilgreint árangur, lausnir, fagmennsku og traust sem grundvallargildi í rekstri sínum. Félagið leggur metnað sinn í að skilgreina þarfir viðskiptavina og bjóða vandað vöruframboð sem samræmist þessum þörfum, sem og að vinna í hvívetna af fagmennsku og leggja þannig grunninn að trausti til félagsins og starfsmanna þess. Þá hefur stjórn Landsbréfa sett sérstakar siðareglur, Siðasáttmála Landsbréfa, sem fela í sér grunnviðmið góðra viðskiptahátta og siðferðis fyrir Landsbréf og starfsmenn þeirra. Þessi viðmið gilda um samskipti starfsmanna félagsins við viðskiptavini,

samstarfsmenn, eftirlitsaðila, hluthafa og aðra aðila sem hagsmuna eiga að gæta. Reglurnar eru birtar á heimasíðu félagsins (landsbref.is).

Stjórn Landsbréfa hefur samþykkt sérstaka stefnu Landsbréfa um ábyrgð gagnvart samfélagi og fjárfestingum. Þar er leitast við að marka stefnu með tilliti til umhverfis, félagslegra þátta og samfélagslegrar ábyrgðar. Stjórn Landsbréfa hefur einnig samþykkt stefnu um meðferð atkvæðisréttar sem fylgir fjármálagerningum í eigu sjóða Landsbréfa og telur mikilvægt að fjárfestar í sjóðum Landsbréfa geti gert sér grein fyrir þeim viðmiðum sem liggja til grundvallar nýtingu atkvæðisréttar sem fylgir verðbréfum í eigu sjóða félagsins. Báðar þessar stefnur eru birtar á heimasíðu félagsins (landsbref.is).

Landsbréf lúta opinberu eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með skipulögðum hætti, markvisst unnið að því að treysta alla umgjörð rekstrar félagsins og gengið úr skugga um að rekstur félagsins sé í samræmi við markmið þess og þær reglur sem um rekstur þess gilda. Stærstur hluti innra eftirlits og áhættustýringar er unninn innan félagsins

sjálfs en ákveðnum þáttum áhættustýringar, innri endurskoðun og regluvörslu, er útvistað með sérstökum samningum til Landsbankans með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Reglulegar skýrslur eftirlitseininga eru lagðar fyrir stjórn Landsbréfa til skoðunar. Stjórn félagsins hefur sett sérstaka stefnu um hagsmunaárekstra auk þess sem stöðugt fer fram greining á mögulegum hagsmunaárekstrum og viðbrögðum við þeim.

Reikningsskil A-hluta Landsbréfa fyrir árið 2014 voru unnin af Landsbankanum samkvæmt sérstökum útivistunarsamningi. Landsbankinn er jafnframt vörslufyrirtæki sjóða í rekstri Landsbréfa sbr. II. kafla C laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Ytri endurskoðun er framkvæmd af KPMG ehf. Endurskoðendur framkvæma endurskoðun á reikningum félagsins í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur og ganga úr skugga um að reikningsskil séu samin í samræmi við góðar reikningsskilavenjur.

Stjórn félagsins var endurkjörin á aðalfundi félagsins þann 21. mars 2014. Stjórnin er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Meirihluti stjórnarmanna er óháður Landsbankanum. Stjórn félagsins skipa:

Sigurbjörn Jón Gunnarsson f. 29. ágúst 1959, formaður stjórnar. Sigurbjörn, sem er framkvæmdastjóri Lyfju, er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA próf frá Edinburgh University Business School. Sigurbjörn hefur yfirgripsmikla reynslu af rekstri fyrirtækja og þátttöku í fjárfestingastarfsemi. Hann situr í stjórn Heilsu ehf., Heilsuhússins ehf., Innlands ehf., Kaupfélags Suðurnesja og Mengis ehf., auk þess að vera framkvæmdastjóri Lyfju hf. og Heilsuhússins ehf. Sigurbjörn hefur setið í stjórn Landsbréfa síðan í maí 2012 og er flokkaður sem óháður stjórnarmaður. Sigurbjörn á engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa.

Stjórn Landsbréfa hefur samþykkt sérstaka stefnu Landsbréfa um ábyrgð gagnvart samfélagi og fjárfestingum. Þar er leitast við að marka stefnu með tilliti til umhverfis, félagslegra þátta og samfélagslegrar ábyrgðar.

Helga Gunnarsdóttir f. 26. apríl 1969, meðstjórnandi. Helga, sem er sérfræðingur hjá fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf., er cand. oecon. frá Viðskiptadeild Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Helga hefur starfað hjá fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. og áður Landsbanka Íslands hf. frá 2003. Á árunum 1999-2003 starfaði hún hjá fyrirtækjaráðgjöf Búnaðarbankans hf. og Kaupþings Búnaðarbanka hf. Helga hefur einkum unnið að verkefnum fyrir fyrirtæki sem eru skráð í kauphöll eða hyggja á slíka skráningu. Helga situr ekki í stjórnnum annarra félaga. Helga var kjörin í stjórn Landsbréfa í desember 2013 og er flokkuð sem háður stjórnarmaður. Fyrir utan tengsl hennar við Landsbankann, sem starfsmaður hans, á hún engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa.

Jón Þór Grímsson f. 27. apríl 1975, meðstjórnandi. Jón Þór er deildarstjóri lögfræðipjónustu fyrir fjárfestingabankastarfsemi í lögfræðideild Landsbankans. Hann er með cand. jur. próf frá Lagadeild Háskóla Íslands og hefur

réttindi sem héraðsdómslögmaður. Jón Þór hefur starfað hjá Landsbankanum hf. og áður Landsbanka Íslands hf. frá árinu 2003. Jón Þór var kjörinn í stjórn Landsbréfa í desember 2013. Jón Þór situr í stjórn einkahlutafélagsins Lindir Resources ehf. Jón Þór er starfsmaður Landsbankans og flokkaður sem háður stjórnarmaður. Fyrir utan tengsl hans við Landsbankann, sem starfsmaður hans, á hann engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa.m

Kristinn Ingi Lárusson f. 19. desember 1973, meðstjórnandi. Kristinn Ingi er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri On-Waves. Kristinn hefur setið í stjórn Landsbréfa síðan í apríl 2012 og sat fyrir þann tíma í stjórn Landsvaka hf. Kristinn hefur áralanga reynslu af fjármálamörkuðum. Kristinn Ingi á sæti í stjórn Trackwell ehf. en félagið er ótengt Landsbréfum. Kristinn Ingi er flokkaður sem óháður stjórnarmaður. Kristinn Ingi á engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa.

Sigríður Hrund Guðmundsdóttir f. 6. júní 1965, meðstjórnandi. Sigríður Hrund er með BS gráðu í viðskiptafræði (Business Administration) frá University of South Alabama og meistaraþráðu (MBA-GeM) frá Háskólanum í Reykjavík. Hún starfar sem sölustjóri hjá Fasteignakaupum ehf. Sigríður Hrund hefur mikla reynslu af störfum á fjármálamarkaði. Hún var á árunum 2004-2013 forstöðumaður eignasviðs Sameinaða lífeyrissjóðsins. Á árunum 2003-2004 var hún viðskiptastjóri hjá einkabankaþjónustu Kaupþings Búnaðarbanka hf. og á árunum 1990-2001 var hún ráðgjafi fjárvörslu og síðar sjóðstjóri í eignastýringu Landsbréfa hf. Sigríður Hrund á sæti í stjórn Reykjavík Consulting ehf. Sigríður Hrund var kjörin í stjórn Landsbréfa í desember 2013 og er flokkuð sem óháður stjórnarmaður. Hún á engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa.


Varamenn í stjórn Landsbréfa eru tveir, Bergþór I. Björgvinsson f. 28. maí 1974, verkfræðingur í Landsbankanum, sem telst háður

Landsbankanum, og Heiður Agnes Björnsdóttir f. 30. apríl 1962, viðskiptafræðingur, sem telst óháð Landsbankanum hf. Hvorugt þeirra á sæti í öðrum stjórnnum félaga og eiga þau engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Landsbréfa önnur en þau sem ráðast af starfssambandi Bergþórs við Landsbankanum.

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega og oftast ef þörf krefur. Á árinu 2014 voru haldnir 14 stjórnarfundir og mættu allir stjórnarmenn á þá utan einn, en þá forfallaðist Kristinn Ingi Lárusson. Lögfræðingur Landsbréfa ritar fundargerðir á stjórnarfundum. Á árinu 2014 var haldinn sérstakur matsfundur stjórnar þar sem stjórnin lagði mat á eigin störf og á störf framkvæmdastjóra. Markmið fundarins var að leggja mat á skilvirkni stjórnar, styrkleika og veikleika í störfum hennar og skilgreina hvað megi betur fara. Með sama hætti var lagt mat á formann stjórnar og framkvæmdastjóra.

Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins en þar má einnig finna samþykktir félagsins. Þar eru að auki birtar ýmsar aðrar reglur sem félagið hefur sett um starfsemi sína svo sem reglur um hæfi og hæfismat lykilstarfsmanna, reglur um hagsmunaárekstra, reglur um upplýsingar um viðskiptamenn, reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og siðasáttmáli Landsbréfa. Starfandi eru tvær undirnefndir stjórnar, Starfskjaranefnd og Endurskoðunarnefnd, og hefur stjórnin hingað til kosið nefndarmenn úr eigin hópi þó heimilt sé að skipa aðra. Starfskjaranefnd er nú skipuð Sigurbirni Jóni Gunnarssyni, sem er formaður nefndarinnar, Helgu Gunnarsdóttur og Kristni Inga Lárussyni. Endurskoðunarnefnd er skipuð Kristni Inga Lárussyni, sem er formaður nefndarinnar, Jóni Þór Grímssyni og Sigríði Hrund Guðmundsdóttur. Starfskjaranefnd hélt einn fund og endurskoðunarnefnd hélt fimm fundi á árinu 2014.

Helgi Þór Arason, f. 16. mars 1975, er framkvæmdastjóri Landsbréfa. Helgi hóf störf sem framkvæmdastjóri félagsins í byrjun júní 2014. Hann nam viðskiptafræði við Háskóla Íslands með áherslu á fjármál og hefur lokið MBA gráðu frá sama skóla. Þá hefur hann lokið prófi í verðbréfiðskiptum. Helgi starfaði áður sem forstöðumaður Markaðsviðskipta hjá Landsbankanum hf. frá 2008 og sem miðlari skuldbréfa hjá Landsbanka Íslands á árunum 2003-2008. Á árunum 2000-2003 starfaði hann hjá Búnaðarbanka Íslands hf., sem sérfræðingur hjá markaðsviðskiptum bankans, við miðlun skuldabréfa. Á árunum 1999-2000 starfaði hann hjá fyrirtækjasviði Landsbanka Íslands hf. einkum við gerð lánshæfismats á fyrirtækjum. Helgi á enga eignarhluti í Landsbréfum né hefur hann gert kaupréttarsamning um kaup á hlutum í félaginu. Helgi á engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila félagsins eða hluthafa félagsins.



Ársreikningur 2014

A-hluti	Bls.
Ársreikningur rekstrarfélagsins	
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra.....	3-5
Áritun óháðs endurskoðanda.....	6
Rekstrarreikningur.....	7
Efnahagsreikningur.....	8
Sjóðstreymisyfirlit.....	9
Skýringar	10-17
 B-hluti	
 Ársreikningur Verðbréfasjóða	 18
Samandreginn ársreikningur.....	19
Rekstrarreikningur.....	20
Efnahagsreikningur.....	21
Yfirlit um breytingar á hreinni eign.....	22
Skýringar	23-32
 Ársreikningur Fjárfestingarsjóða	 34
Samandreginn ársreikningur.....	35
Rekstrarreikningur.....	36
Efnahagsreikningur.....	37
Yfirlit um breytingar á hreinni eign.....	38
Skýringar	39-47

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Landsbréf hf. eru fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og starfa samkvæmt starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða, auk þess að hafa starfsleyfi til eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar.

Eignaraðild og framsetning árs hlutareiknings:

Hluthafar í Landsbréfum hf. eru tveir:	Eignarhluti
Blámi fjárfestingarfélag ehf., kt. 470301-3920	0,01%
Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., kt. 530407-1790	99,99%

Báðir hluthafar félagsins eru dótturfélög Landsbankans hf., en Landsbankinn hf. er að meirihluta til í eigu íslenska ríkisins, en íslenska ríkið á um 98% hlutfjár í bankanum. Ársreikningur Landsbréfa hf. skiptist í A og B-hluta. A-hluti hefur að geyma ársreikning félagsins sjálfs, en B-hluti ársreikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða sem voru í rekstri félagsins á tímabilinu. Landsbréf hf. teljast vera dótturfélag Landsbankans hf. og er A-hluti ársreiknings Landsbréfa hf. hluti af samstæðureikningi Landsbankans hf., en B-hluti hans ekki. Framsetning ársreikningsins er í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Félagið starfar sem sjálfstætt fjármálafyrirtæki og er meirihluti stjórnar félagsins óháður Landsbankanum hf.

Afkoma og helstu atriði í rekstri félagsins á árinu 2014

Rekstur Landsbréfa hf. gekk vel á árinu 2014. Hreinar rekstrartekjur ársins námu 1.104 milljónum króna samanborið við 969 milljónir króna árið 2013. Hagnaður af rekstri nam 188 milljónum króna samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 187 milljónir króna árið 2013.

Eigið fé Landsbréfa í árslok nam 1.832 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, samanborið við 1.644 milljónir króna árið áður. Eiginfjárhlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 53,76% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt lögum.

Stjórn leggur til að ekki verði greiddur arður að þessu sinni og að hagnaði ársins 2014 verði ráðstafað til hækkunar á eigin fé félagsins.

Aðalfundur var haldinn þann 21. mars 2014 að Borgartúni 33 í Reykjavík. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf. Nýr framkvæmdastjóri, Helgi Þór Arason, var ráðinn til félagsins á vormánuðum.

Í árslok 2014 störfuðu hjá Landsbréfum 18 starfsmenn en voru 19 í upphafi árs.

Í lok árs 2014 annaðist félagið rekstur 31 sjóðs og félaga um sameiginlega fjárfestingu. Eignir í stýringu voru um 111 milljarðar samanborið við 110 milljarða í upphafi árs. Alls voru um 12 þúsund einstaklingar og lögaðilar með fjármuni í sjóðum Landsbréfa eða í eignastýringu hjá félaginu í lok árs.

Félagið rekur þrjá sjóði sem fjárfesta á íslenskum hlutabréfamarkaði. Þetta eru fjárfestingarsjóðirnir Landsbréf – Úrvalsbréf, Landsbréf – Öndvegisbréf og kauphallarsjóðurinn Landsbréf - LEQ, sem er verðbréfasjóður. Nafnávöxtun tveggja fyrrnefndu sjóðanna var góð og umfram viðmið þeirra en Landsbréf LEQ er vísitölusjóður sem fylgir OMXI8CAP. Samtals stækkuðu sjóðirnir þrír um 14,6% á árinu eða úr 14,4 milljörðum króna í 16,5 milljarða króna.

Félagið rekur tvo hlutabréfasjóði sem fjárfesta á erlendum mörkuðum. Landsbréf – Global Equity Fund skilaði 11,7% nafnávöxtun á árinu sem er 2,3% undir viðmiði sjóðsins. Nafnávöxtun Landsbréfa – Nordic 40 var 12,6% á árinu sem er tæpum 2,2% hærra en viðmið sjóðsins. Sjóðirnir voru í árslok um 3,4 milljarðar kr.

Félagið rekur nokkra ríkisskuldabréfasjóði og hefur ávöxtun þeirra almennt verið góð miðað við markaðsaðstæður og í samanburði við aðra sjóði. Landsbréf – Sparibréf óverðtryggð voru með bestu nafnávöxtun allra ríkisskuldabréfasjóða, 10,2%, en það er fjórða árið í röð sem Landsbréf ná besta árangrinum við stýringu ríkisskuldabréfasjóða. Ríkisskuldabréfasjóðir Landsbréfa minnkuðu lítillega á árinu, sem er í takt við almenna þróun á markaðnum.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra frh.

Á síðasta ársfjórðungi var ákveðið að slíta verðbréfasjóðnum Landsbréfum - Veltubréfum og stofna í hans stað fjárfestingarsjóðinn Landsbréf - Veltubréf II. Ástæðan fyrir þessari ákvörðun var fyrst og fremst sú að Veltubréf voru verðbréfasjóður og það sjóðaform hentar ekki eins vel og fjárfestingarsjóðir við stýringu á lausafjárstöðum sem fjárfesta aðallega í innlánnum. Þar sem ekki er heimilað að breyta verðbréfasjóðum í fjárfestingarsjóði var ákveðið að slíta sjóðnum og stofna sambærilegan fjárfestingarsjóð, Landsbréf - Veltubréf II. Nánast allir sjóðfélagar fluttu sig í nýja sjóðinn auk þess sem nýir sjóðfélagar bættust í hópinn og voru Veltubréf II 10 milljarðar króna að stærð í árslok.

Félagið rekur 4 blandaða fjárfestingarsjóði og er þeirra stærstur Landsbréf Eignabréf en nafnávöxtun hans á árinu var 3,3%. Þá rekur félagið einn blandaðan fagfjárfestingarsjóð, Heklu fagfjárfestingarsjóð, sem stofnaður var á fyrri hluta ársins 2014 en árangur sjóðsins var afburðagóður á árinu.

Á haustmánuðum var ákveðið að slíta kauphallarsjóðnum Landsbréf LREAL, sem stofnaður var á árinu 2014, en fullreynt þótti að eftirspurn fjárfesta eftir slíkum sjóði var ekki nægileg til að grundvöllur væri fyrir rekstri hans. Almennt má segja að á seinni hluta ársins hafi verið leitast við að skerpa enn frekar línur í rekstri félagsins, hætta sölu afurða sem lítil eftirspurn var eftir og þróa áfram þær afurðir sem fjárfestar höfðu sýnt áhuga.

Umsvif tengd sérhæfðum fjárfestingum/framtaksfjárfestingum voru sem fyrr umtalsverð á árinu. Þannig námu eignir í umsýslu á þessu sviði alls 42,3 milljörðum króna í lok árs. Stærstu verkefni voru rekstur samlagshlutafélaganna Horn II slhf. og Landsbréf – Icelandic Tourism Fund I slhf. (ITF I), en bæði félögin stóðu í umtalsverðum fjárfestingum á árinu. Þá var á árinu kynntur nýsköpunarsjóðurinn Brunnur vaxtarsjóður slhf. og tók sjóðurinn til starfa í ársbyrjun 2015. Félagið er með nokkra eignastýringar- og fjárfestingarráðgjafarsamninga og skilaði sú starfsemi félagsins almennt góðum árangri á árinu. Á árinu luku Landsbréf úrvinnslu á eignasafni Horns fjárfestingafélags ehf. og var því félagi slitið í kjölfarið. Með þessu fóru rúmir 12 milljarðar króna úr stýringu, en óhætt er að fullyrða að úrvinnsla Landsbréfa á eignasafni Horns hafi skilað góðum árangri fyrir Landsbankann sem eiganda Horns fjárfestingarfélags. Þrátt fyrir þetta óx heildarfjárhæð eigna í stýringu lítillega á milli ára.

Stjórnarháttayfirlýsing

Þessi stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa hf. hefur að geyma stutta lýsingu á stjórnarháttum félagsins, en ítarlegri lýsingu á þeim er að finna á heimasíðu félagsins, <http://landsbref.is> og einnig er slík ítarlegri yfirlýsing birt í ársskýrslu félagsins. Stjórnarháttir Landsbréfa taka mið af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. (4. útgáfa mars 2012 og birt m.a. á <http://www.vi.is/utgafa-vi/>). Ákveðin frávík eru frá leiðbeiningunum að því er varðar boðun og auglýsingu hluthafafunda, þ.m.t. aðalfunda, sem fyrst og fremst helgast af því að hluthafar eru aðeins tveir, báðir í samstæðu Landsbankans. Með sama hætti eru framboð til stjórnar ekki kynnt sérstaklega á heimasíðu félagsins.

Landsbréf lúta opinberu eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með skipulögðum hætti og markvisst unnið að því að treysta alla umgjörð rekstrar félagsins og gengið úr skugga um að rekstur félagsins sé í samræmi við markmið þess og reikningsskil þess í samræmi við þær reglur sem um rekstur þess gilda. Stærstur hluti innra eftirlits og áhættustýringar er unninn innan félagsins sjálfs, en ákveðnum þáttum áhættustýringar, innri endurskoðun og regluvörslu er útvistað með sérstökum samningi til Landsbankans með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Reglulegar skýrslur eftirlitseininga eru lagðar fyrir stjórn til skoðunar. Endurskoðendur félagsins eru kosnir á aðalfundi og eru KPMG ehf. endurskoðendafélag Landsbréfa. Endurskoðendur framkvæma endurskoðun á reikningum félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ganga úr skugga um að reikningsskil séu samin í samræmi við góðar reikningskilavenjur.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra frh.

Stjórnarmenn Landsbréfa eru fimm talsins og tveir til vara. Meirihluti stjórnarmanna er óháður Landsbankanum. Stjórn félagsins skipa Sigurbjörn Jón Gunnarsson, viðskiptafræðingur, formaður stjórnar Landsbréfa, Helga Gunnarsdóttir, viðskiptafræðingur, meðstjórnandi, Jón Þór Grímsson, lögfræðingur, meðstjórnandi, Kristinn Ingi Lárusson, viðskiptafræðingur, meðstjórnandi og Sigríður Hrund Guðmundsdóttir, viðskiptafræðingur, meðstjórnandi. Varamenn í stjórn Landsbréfa eru tveir, þau Bergþór I. Björgvinsson verkfræðingur og Heiður Agnes Björnsdóttir viðskiptafræðingur. Helga, Jón Þór og Bergþór eru starfsmenn Landsbankans og teljast því háð Landsbankanum. Tvær undirnefndir stjórnar hafa verið skipaðar. Annars vegar er það starfskjaranefnd og hins vegar endurskoðunarnefnd. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega og oftast ef þörf krefur. Á árinu 2014 voru haldnir 14 stjórnarfundir. Á árinu 2014 var haldinn sérstakur matsfundur stjórnar þar sem stjórn lagði mat á eigin störf og á störf framkvæmdastjóra. Markmið fundarins var að leggja mat á skilvirkni stjórnar, styrkleika og veikleika í störfum hennar og skilgreina hvað mætti betur fara. Með sama hætti var lagt mat á formann stjórnar og framkvæmdastjóra og hvað mætti bæta í þeirra störfum.

Framkvæmdastjóri Landsbréfa er Helgi Þór Arason.

Ítarlegri stjórnarháttayfirlýsing er birt á heimasíðu félagsins landsbref.is og í ársskýrslu félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra


Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2014 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. febrúar 2015

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:





Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsbréfa hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landsbréfa hf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum: A-hluti, sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem er fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir rekstrarfélagið. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði rekstrarfélagsins.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningur Landsbréfa hf. gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 16. febrúar 2015

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrartekjur			
Umsýslupóknun		1.012.256	917.200
Fjármunatekjur	2	79.522	40.989
Aðrar tekjur		12.000	10.770
		<u>1.103.778</u>	<u>968.959</u>
 Fjármagnsgjöld	2	 147	 96
Hreinar rekstrartekjur		<u>1.103.630</u>	<u>968.863</u>
 Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	382.948	352.791
Annar rekstrarkostnaður	4	449.720	346.724
Afskriftir	7	35.871	35.333
		<u>868.539</u>	<u>734.848</u>
 Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir tekjuskatt		235.091	234.015
 Tekjuskattur	9	(47.022)	(46.807)
 Hagnaður ársins		<u><u>188.069</u></u>	<u><u>187.208</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
Eignir			
Viðskiptavild	5	432.833	468.167
Verðbréf með breytilegum tekjum	6	1.192.359	915.494
Verðbréf með föstum tekjum		0	2.155
Viðskiptakröfur		360.493	426.770
Rekstrarfjármunir	7	10.363	0
Handbært fé		57.889	68.183
Eignir samtals		<u>2.053.937</u>	<u>1.880.769</u>
		31.12.2014	31.12.2013
Eigið fé			
Hlutfé		35.000	35.000
Yfirverðsreikningur		1.437.000	1.437.000
Óráðstafað eigið fé		359.730	171.660
Eigið fé samtals	10	<u>1.831.730</u>	<u>1.643.660</u>
Skuldir			
Skattskuld	9	30.228	29.925
Aðrar skuldir		191.979	207.184
Skuldir samtals		<u>222.207</u>	<u>237.109</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.053.937</u>	<u>1.880.769</u>

Sjóðstreymisyfirlit 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	10	188.069	187.208
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	35.871	35.333
Gangvirðisbreyting verðbréfa		(73.664)	(42.369)
Laun og launatengd gjöld vegna hlutabréfatengdra greiðslna	3	0	20.600
Tekjuskattur	9	47.022	46.807
Veltufé frá rekstri		197.298	247.579
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		66.277	(225.786)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(61.924)	91.335
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		4.353	(134.451)
Handbært fé frá rekstri		201.651	113.128
Fjárfestingarhreyfingar			
Keypt verðbréf		(1.570.171)	(1.601.843)
Seld verðbréf		1.369.125	730.612
Keyptir rekstrarfjármunir	7	(10.900)	0
Fjárfestingarhreyfingar		(211.946)	(871.231)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé	10	0	750.000
Fjármögnunarhreyfingar		0	750.000
Lækkun á handbæru fé		(10.294)	(8.103)
Handbært fé í upphafi árs		68.183	76.287
Handbært fé í lok árs		57.889	68.184
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Framlag frá móðurfélagi í formi hlutabréfa		0	20.600
Hlutabréf afhent starfsmönnum		0	(20.600)

1. Upplýsingar um félagið

Landsbréf hf. eru íslenskt hlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Landsbréf hf. eru rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. FME hefur eftirlit með félaginu á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Landsbréf hf. annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Ársreikningur Landsbréfa hf. skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær til rekstrarfélagsins, B-hluti nær til verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða Landsbréfa hf.

Í lok árs önnuðust Landsbréf hf. rekstur 31 sjóðs og félaga. Gengi flestra sjóða er reiknað daglega og geta fjárfestar keypt hluti í sjóðunum og fengið hlutdeildarskírteini til staðfestingar á eign sinni. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í sjóðunum.

Landsbréf hf. eru með starfsstöðvar sínar á Íslandi og fer starfsemi þeirra fram að Borgartúni 33, 105 Reykjavík. Félagið er dótturfélag Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. sem er í 100% eigu Landsbankans hf. en bankinn hefur aðsetur að Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn inniheldur A- og B-hluta Landsbréfa hf. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur FME um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og í þúsundum króna og er byggður á kostnaðarverðreikningsskilum.

1.2 Matsaðferðir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

1.3 Samstæðureikningur

Ársreikningur Landsbréfa hf. A-hluti er hluti af samstæðureikningi Landsbankans hf. Ársreikningur Landsbréfa hf. B-hluti er ekki hluti af samstæðureikningi bankans nema í þeim tilvikum að samstæða Landsbankans eigi meirihluta hlutdeildarskírteina í einstökum sjóðum.

Samstæða Landsbankans á meirihluta hlutdeildarskírteina í eftirtöldum verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Landsbréfa hf.; Landsbréf - Eignabréf og Landsbréf - LEQ.

1.4 Umsýslupóknanir

Verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóðir B-hluta Landsbréfa hf. greiða A-hluta Landsbréfa hf. umsýslupóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem laun starfsmanna, markaðskostnað, endurskoðun, reikningshald sjóða, vörslupóknun og umsýslu. Umsýslupóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs. Einnig fær A-hluti Landsbréfa hf. umsýslupóknanir af eignastýringasamningum.

1.5 Verðbréf með breytilegum tekjum

Hlutdeildarskírteini eru metin samkvæmt kaupgengi í lok árs. Hlutabréf eru skráð á upprunalegu kostnaðarverði.

1.6 Verðbréf með föstum tekjum

Skuldabréf eru metin á opinberu gengi í lok árs.

Skýringar frh.

1.7 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði og eru þær aðallega vegna ógreiddrar umsýslu sjóða B-hluta Landsbréfa hf. í lok árs.

1.8 Viðskiptavild

Viðskiptavild er tilkomin vegna kaupa á rekstri sjóða Landsvaka hf. þann 22. mars 2012. Kaupverð var ákveðið með tilliti til tveggja óháðra verðmata sem framkvæmd voru fyrir stjórnir félaganna. Það er mat stjórnenda að nýtingartími viðskiptavildar sé 15 ár og því er hún afskrifuð línulega í samræmi við ákvæði í ársreikningalögum.

1.9 Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

1.10 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

1.11 Skattskuld

Skattskuld félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Reiknuð skattskuld, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Skýringar frh.

2. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2014	2013
Vaxtatekjur	6.017	1.657
Hreinar tekjur af verðbréfum	73.664	42.370
Gengistap	(160)	(3.039)
Fjármunatekjur samtals	79.522	40.988
Vaxtagjöld	147	96
Fjármagnsgjöld samtals	147	96

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2014	2013
Laun	290.775	244.262
Iðgjöld til lífeyrissjóða	43.989	36.125
Launatengd gjöld	48.184	51.804
	382.948	332.191
Laun og launatengd gjöld vegna hlutabréfatengdra greiðslna greinast þannig:		
Hlutabréfatengdar greiðslur til starfsmanna	0	17.640
Launatengd gjöld vegna hlutabréfatengdra launagreiðslna	0	2.960
	0	20.600
Samtals laun og launatengd gjöld	382.948	352.791

Í lok árs voru 18 starfsmenn á launaskrá auk þriggja stjórnarmanna.

Starfsmenn í árslok	18	19
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	19	18

Greidd laun og hlunnindi til stjórnenda 2014 greinast þannig :

	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Samtals
Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri	18.918	3.163	22.081
Hermann Már Þórisson, staðgengill framkvæmdastjóra	26.672	4.533	31.205
Sigþór Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri	18.257	3.102	21.359
Sigurbjörn Jón Gunnarsson, stjórnarformaður	4.850	485	5.335
Kristinn Ingi Lárusson, meðstjórnandi	2.850	228	3.078
Sigríður Hrund Guðmundsdóttir, meðstjórnandi	3.050	244	3.294

Aðrir stjórnarmenn eru starfsmenn Landsbankans og fá ekki greidd stjórnarlaun. Þóknun vegna stjórnarsetu þeirra að fjárhæð 5,3 millj. kr. er greidd til Landsbankans.

Skýringar frh.

3. Laun og launatengd gjöld (framhald)

Greidd laun og hlunnindi til stjórnenda 2013 greinast þannig :

	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Hlutabréfa- tengdar greiðslur til starfsm.	Samtals
Sigþór Jónsson, framkvæmdastjóri	22.424	4.388	1.717	28.529
Staðgengill framkvæmdastjóra*	18.057	4.921	7.536	30.514
Jón Steindór Valdimarsson, fyrrverandi stjórnarformaður	5.120	442	0	5.562
Sigurbjörn Jón Gunnarsson, stjórnarformaður	2.460	246	0	2.706
Kristinn Ingi Lárusson, meðstjórnandi	2.460	197	0	2.657

*Tveir aðilar gengdu starfi staðgengils framkvæmdastjóra á árinu.

Aðrir stjórnarmenn eru starfsmenn Landsbankans og fá ekki greidd stjórnarlaun. Þóknun vegna stjórnarsetu þeirra að fjárhæð 5,2 millj. kr. er greidd til Landsbankans.

4. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig :

	2014	2013
Greitt til Landsbankans hf. á grundvelli útivistunarsamnings	266.030	231.543
Endurskoðun	17.919	16.103
Annað	165.771	99.078
Annar rekstrarkostnaður samtals	449.720	346.724

5. Viðskiptavild

Viðskiptavild greinist þannig:

	2014	2013
Staða í upphafi árs	468.167	503.500
Afskrifað á árinu	(35.333)	(35.333)
Bókfært verð í lok árs	432.833	468.167
Afskriftarhlutfall	6,67%	6,67%

Skýringar frh.

6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

31.12.2014			
	Hlutdeildar- skírteini	Hlutabréf	Samtals
Innlend skráð:			
Hlutdeildarskírteini sjóða	159.843	0	159.843
Innlend óskráð:			
Hlutdeildarskírteini sjóða	1.032.467	0	1.032.467
Aðrir fjármálagerningar	0	50	50
	1.032.467	50	1.032.516
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals	1.192.310	50	1.192.359

31.12.2013			
	Hlutdeildar- skírteini	Hlutabréf	Samtals
Innlend skráð:			
Hlutdeildarskírteini sjóða	154.847	0	154.847
Innlend óskráð:			
Hlutdeildarskírteini sjóða	760.228	0	760.228
Aðrir fjármálagerningar	0	420	420
	760.228	420	760.648
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals	915.075	420	915.494

7. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig :

2014

Keypt á árinu	10.900
Afskrifað á árinu	(537)
Staða 31.12.2014	10.363
Heildarverð 31.12.2014	10.900
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2014	(537)
Staða 31.12.2014	10.363

Afskriftir færðar í rekstrarreikning samanstanda af:

Afskriftir rekstrarfjármuna	(537)
Afskrift viðskiptavildar, sbr. skýringu 5	(35.333)
Samtals	(35.871)
Afskriftarhlutföll	15%-33%

Skýringar frh.

8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Landsbréfa hf. eru móðurfélag þess, Landsbankinn hf. ásamt systur-, dóttur- og hlutdeildarfélögum þess, stjórn Landsbréfa hf., lykilstjórnendur og aðilar þeim tengdir. Viðskiptin við Landsbankann hf. eru í samræmi við þjónustusamning milli bankans og félagsins. Endurgjald fyrir selda þjónustu móðurfélags miðast við stærð sjóða eða fasta fjárhæð.

Félagið var með innlán hjá móðurfélagi sínu á árinu 2014 og fékk vaxtatekjur af þeim reikningum í samræmi við eðlilega viðskiptaskilmála. Einnig var félagið með viðskipti við systurfélag sitt, Horn Fjárfestingarfélag hf., en því var slitið 30. desember 2014.

Í rekstrar- og efnahagsreikning hafa verið færð eftirfarandi viðskipti við tengda aðila 31.12.2014:

	Tekjur	Gjöld	Eign	Skuld
Landsbankinn hf.	38.209	287.425	71.657	75.359
Horn Fjárfestingarfélag hf.*	160.708	0	0	0
Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf.	41.265	0	7.587	0

Horni Fjárfestingarfélagi hf. var slitið 30. desember 2014

Í rekstrar- og efnahagsreikning hafa verið færð eftirfarandi viðskipti við tengda aðila 31.12.2013:

	Tekjur	Gjöld	Eign	Skuld
Landsbankinn hf.	1.195	242.611	115.601	66.710
Horn Fjárfestingarfélag hf.	208.847	0	75.356	224
Hömlur ehf.	0	0	6.000	0

9. Skattar

Reiknaður tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi greinist þannig:	2014	2013
Breyting á skattskuldbindingu	303	24.171
Tekjuskattur til greiðslu	46.719	22.636
Reiknaðir skattar samkvæmt rekstrarreikningi	47.022	46.807

Skattskuld greinist þannig:	2014	2013
(Skattskuld), skatteign í byrjun árs	(29.925)	9.019
Reiknaður skattur ársins	(47.022)	(46.807)
Nýting móðurfélagsins á yfirfæranlegu tapi	0	(14.773)
Tekjuskattur til greiðslu	46.719	22.636
Skattskuld	(30.228)	(29.925)

Skattskuld skiptist þannig á milli liða:

Viðskiptakröfur	14.000	0
Viðskiptavild	(44.167)	(30.033)
Frestaður gengismunur	224	109
Varanlegir rekstrarfjármunir	(285)	0
Skattskuld	(30.228)	(29.925)

Skýringar frh.

10. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins nam í árslok 35 milljónum króna samkvæmt samþykktum félagsins. Hver hlutur er ein króna að nafnverði og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Hlutafé	Yfirverð	Óráðstafað (ójafnað) eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2013	34.000	688.000	(36.147)	685.853
Framlag frá Landsbankanum hf.			20.600	20.600
Innborgað hlutafé	1.000	749.000		750.000
Hagnaður ársins			187.208	187.208
Eigið fé 31.12.2013	35.000	1.437.000	171.661	1.643.661
Eigið fé 1.1.2014	35.000	1.437.000	171.661	1.643.661
Hagnaður ársins			188.069	188.069
Eigið fé 31.12.2014	35.000	1.437.000	359.730	1.831.730

11. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, er 53,76% en lágmarks eiginfjárlutfall samkvæmt lögum er 8,0%.

Eiginfjárlutfallið reiknast þannig:

	2014	2013
Eigið fé	1.831.730	1.643.660
Viðskiptavild	(432.833)	(468.167)
Eiginfjárgrunnur	1.398.897	1.175.494

Heildar eiginfjárfkra greinist á eftirfarandi hátt:

Útlánaááhætta	88.495	80.362
Markaðsááhætta	7.465	1.074
Rekstrarááhætta	-	-
Eiginfjárfkra samtals	95.960	81.436

Eiginfjárfkra miðað við fastan rekstrarkostnað

208.167 170.621

Eiginfjárlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárlutfall

53,76% 55,12%*

*Leiðrétt útreiknað eiginfjárlutfall 31.12.2013 miðað við fastan rekstrarkostnað.

Samkvæmt 84. grein laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs. Eiginfjárgrunnur Landsbréfa var í lok ársins 166% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs.

Útlánaááhætta

Eiginfjárfkra vegna útlánaááhættu reiknast af fjáreignum félagsins um áramót.

Markaðsááhætta

Gjaldeyrissááhætta reiknast af handbæru fé, viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í erlendum gjaldmiðlum.

11. Eiginfjárlutfall (framhald)

Rekstraráhætta

Samkvæmt 2. mgr. 84. gr laga nr. 161/2002 eru rekstrarfélög verðbréfasjóða undanþegin mati á rekstraráhættu við útreikning á eiginfjárgrunni. Það þýðir þó ekki að félagið fylgist ekki með þessari áhættu í rekstri sínum. Þvert á móti hefur félagið skilgreint allar helstu áhættur sem starfsfólk þess hefur greint í rekstri þess og útbúið ítarlega viðbragðsáætlun vegna þeirra. Starfsfólk félagsins er stöðugt á varðbergi vegna rekstraráhættu og reynir að lágmarka hana með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Lausafjárahætta

Landsbréf hf. hafa sett sér reglur hvað varðar lausafjárstýringu og eru þær hluti af almennum áhættureglum félagsins. Handbært fé um áramót var 57,9 milljónir króna og var stýring á því í samræmi við reglur félagsins.

12. Aðrar upplýsingar

Eignir í stýringu

Í lok árs 2014 annaðist félagið rekstur 31 sjóðs og félaga um sameiginlega fjárfestingu. Eignir í stýringu voru um 111 milljarðar króna í lok árs samanborið við 110 milljarða króna í upphafi þess. Horni fjárfestingafélagi ehf. var slitið á árinu, en Landsbréf höfðu sinnt fjárfestingaráðgjöf fyrir félagið frá árinu 2012. Með því fóru úr stýringu Landsbréfa verulegar fjárhæðir. Þrátt fyrir það hækkuðu eignir í stýringu um 1 milljarð króna. Alls voru um 12 þúsund viðskiptavinir með eignir í stýringu hjá félaginu.

Önnur mál

Félagið gerði í lok ársins 2014 sátt fyrir hönd fagfjárfestasjóðsins Landsbanki Structured Finance III vegna dómsmáls sem höfðað var á hendur Landsbréfum hf. vegna sjóðsins. Dómsmálið var samhliða sáttargjörðinni fellt niður. Þessi sátt var gerð eftir að Seðlabanki Íslands hafði hafnað skilmálum fyrri sáttar sem aðilar dómsmálsins höfðu gert, en sú sátt var háð þeim fyrirvara að Seðlabanki Íslands veitti undanþágu frá gjaldeyrishöftum. Málið þessu er því lokið og hafði málið og lyktir þess óveruleg áhrif á rekstur Landsbréfa.

Slitabú Landsvaka hf. hefur höfðað mál á hendur Landsbréfum hf. fyrir hönd fagfjárfestasjóðsins Landsbanki Aquila Real Estate Fund (LAREF) til heimtu á meintri vangoldinni umsýsluþóknun sjóðsins sem er að fjárhæð um 932 þúsund EUR auk vaxta. Í málinu er Landsbréfum hf. stefnt til prautavara í eigin nafni. Málið er í fresti en verður væntanlega tekið fyrir á vormánuðum. Þess skal getið að Landsbréf hf. lýstu fyrir hönd LAREF kröfum í slitabú Landsvaka hf., þar sem meðal annars var krafist lausnar undan skyldu til að greiða nefnda umsýsluþóknun að fjárhæð 932 þúsund EUR og einnig var höfð uppi krafa um skaðabætur til handa LAREF að fjárhæð um 3,2 milljarðar króna auk vaxta. Kröfum þessum hefur þegar verið hafnað af slitabúinu en gera má ráð fyrir að ágreiningur um þær verði rekinn í tengslum við fyrrnefnt dómsmál. Það er mat félagsins að dómsmál þetta hafi óverulega fjárhagslega þýðingu fyrir rekstur og efnahag félagsins, sbr. 2. mgr. 60. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.



Verðbréfasjóðir Landsbréfa hf.

Ársreikningur 2014

Samandreginn ársreikningur verðbréfasjóða 2014

	Afkoma		Eignir		Skuldir		Hrein eign			Gengi		Nafnávöxtun síðustu		
	2014	2013	2014	2013	2014	2013	2014	2013	Breyting	2014	2013	3 mánuði	6 mánuði	12 mánuði
Landsbréf - Veltubréf.....	349.998	229.235	1.964.850	4.398.874	7.452	3.701	1.957.398	4.395.173	-55,46%	11,62916	11,046	1,29%	2,60%	5,28%
Landsbréf - Sparibréf ríkisvixlar	38.626	34.233	1.039.676	928.777	1.290	1.165	1.038.386	927.612	11,94%	12,502	12,035	1,03%	2,04%	3,88%
Landsbréf - Sparibréf stutt.....	29.998	75.345	931.084	1.323.784	1.904	2.420	929.180	1.321.364	-29,68%	13,421	13,022	1,68%	3,02%	3,06%
Landsbréf - Sparibréf meðallöng.....	308.238	301.062	12.434.570	11.103.176	46.688	22.269	12.387.882	11.080.907	11,79%	3,390	3,302	2,26%	3,92%	2,67%
Landsbréf - Sparibréf löng.....	107.605	64.778	2.399.458	2.549.989	4.819	5.861	2.394.639	2.544.128	-5,88%	9,043	8,643	3,35%	5,63%	4,63%
Landsbréf - Sparibréf verðtr.	(79.559)	215.207	4.890.007	11.169.387	64.895	24.190	4.825.112	11.145.197	-56,71%	13,199	13,166	0,81%	1,18%	0,25%
Landsbréf - Sparibréf óverðtr.	342.258	21.037	5.390.529	1.858.044	13.931	4.017	5.376.598	1.854.027	190,00%	13,777	12,496	5,35%	9,63%	10,25%
Landsbréf - Markaðsbréf.....	110.168	179.743	5.706.237	5.035.849	25.556	9.856	5.680.681	5.025.993	13,03%	4,069	3,995	1,09%	2,13%	1,85%
Landsbréf - Global Equity Fund	330.207	170.991	3.171.160	2.911.606	4.347	19.207	3.166.813	2.892.399	9,49%	1.918,06	1.717,520	3,94%	8,41%	11,68%
Landsbréf - Nordic 40 **.....	25.776	31.437	231.888	216.771	1.694	6.876	230.194	209.895	9,67%	125,74	111,660	2,00%	5,45%	12,61%
Landsbréf - LEQ	102.300	58.230	1.408.677	830.065	2.205	1.128	1.406.472	828.937	69,67%	1.172,060	1.105,250	13,00%	14,47%	6,04%
Landsbréf - LREAL *.....	20.589	(36.802)	-	938.981	-	720	-	938.261	-100,00%	-	962,320	-	-	-
Landsbréf - LNOM *.....	2.148	173	-	50.192	-	11	-	50.181	-100,00%	-	1.003,620	-	-	-
Samtals.....	1.688.350	1.344.669	39.568.136	43.315.495	174.781	101.421	39.393.355	43.214.074	-8,84%					

* Sjá skýringu 8.

** Ávöxtun í mynt sjóðsins, EUR.

Rekstrarreikningur 2014

	Skýr.	Landsbréf Veltubréf	Landsbréf Sparibréf rikisvixlar	Landsbréf Sparibréf stutt	Landsbréf Sparibréf meðallöng	Landsbréf Sparibréf löng	Landsbréf Sparibréf verðtr.	Landsbréf Sparibréf óverðtr.	Landsbréf Markaðsbréf	Landsbréf Global Equity Fund	Landsbréf Nordic 40	Landsbréf LEQ	Landsbréf LREAL*	Landsbréf LNOM *	2014 Samtals	2013 Samtals
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1.2															
Vextir, verðbætur og gengismunur.....		376.492	43.814	39.193	409.553	128.738	(20.702)	365.972	157.519	354.800	17.039	84.564	23.625	2.270	1.982.877	1.621.276
Arður.....		0	0	0	0	0	0	0	0	25.235	12.776	25.670	0	0	63.682	40.590
Vaxtagjöld.....		0	0	0	(21)	0	0	(77)	0	(8)	(0)	0	0	0	(106)	(145)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)		376.492	43.814	39.193	409.532	128.738	(20.702)	365.895	157.519	380.027	29.816	110.234	23.625	2.270	2.046.452	1.661.720
Rekstrargjöld																
Umsýslubóknun.....	1.3	23.788	5.081	8.711	93.069	19.425	55.052	21.620	45.222	44.265	2.394	5.112	2.361	114	326.214	341.972
Annar rekstrarkostnaður.....		2.706	107	483	8.225	1.709	3.805	2.017	2.129	5.555	1.645	2.823	676	8	31.888	32.447
Rekstrargjöld samtals		26.495	5.188	9.194	101.294	21.134	58.857	23.637	47.351	49.820	4.040	7.935	3.037	122	358.102	374.418
Sértæk niðurfærsla fjárfestinga.....		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	(57.367)
Hagnaður (tap) ársins fært á hlutdeildarskírteini		349.998	38.626	29.998	308.238	107.605	(79.559)	342.258	110.168	330.207	25.776	102.300	20.589	2.148	1.688.350	1.344.669

* Sjá skýringu 8

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Skýr.	Landsbréf Veltubréf	Landsbréf Sparibréf ríkisvixlar	Landsbréf Sparibréf stutt	Landsbréf Sparibréf meðallöng	Landsbréf Sparibréf löng	Landsbréf Sparibréf verðtr.	Landsbréf Sparibréf óverðtr.	Landsbréf Markaðsbréf	Landsbréf Global Equity Fund	Landsbréf Nordic 40	Landsbréf LEQ	Landsbréf LREAL *	Landsbréf LNOM *	31.12.2014 Samtals	31.12.2013 Samtals
Eignir															
Fjárfestingar	5,6														
Verðbréf með föstum tekjum.....		380.801	947.975	904.104	12.248.225	2.338.403	4.606.342	5.132.044	5.580.855	0	0	0	0	32.138.748	34.857.007
Hlutabréf.....		0	0	0	0	0	0	0	584	744.295	230.076	1.406.218	0	2.381.173	1.677.178
Hlutdeildarskírteini.....		0	0	0	0	0	0	0	0	2.408.847	0	0	0	2.408.847	2.125.133
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....		1.493.337	90.023	25.003	180.021	55.006	280.033	255.030	120.014	0	0	0	0	2.498.467	4.058.975
Fjárfestingar samtals		1.874.137	1.037.999	929.107	12.428.246	2.393.409	4.886.375	5.387.074	5.701.453	3.153.141	230.076	1.406.218	0	39.427.234	42.718.294
Aðrar eignir															
Handbært fé.....		90.269	1.547	1.908	4.002	5.751	3.442	2.759	4.281	13.706	1.812	2.456	0	131.934	591.618
Aðrar eignir.....		444	130	70	2.323	297	190	696	503	4.313	0	2	0	8.968	5.584
Aðrar eignir samtals		90.713	1.677	1.977	6.325	6.048	3.632	3.455	4.784	18.019	1.812	2.459	0	140.902	597.201
Eignir samtals		1.964.850	1.039.676	931.084	12.434.570	2.399.458	4.890.007	5.390.529	5.706.237	3.171.160	231.888	1.408.677	0	39.568.136	43.315.495
Skuldir															
Hlutdeildarskírteini.....	3	1.957.398	1.038.386	929.180	12.387.882	2.394.638	4.825.111	5.376.598	5.680.681	3.166.814	230.194	1.406.472	0	39.393.355	43.214.074
Aðrar skuldir.....	4	7.452	1.290	1.904	46.688	4.819	64.895	13.931	25.556	4.347	1.694	2.205	0	174.781	101.421
Skuldir samtals		1.964.850	1.039.676	931.084	12.434.570	2.399.458	4.890.007	5.390.529	5.706.237	3.171.160	231.888	1.408.677	0	39.568.136	43.315.495

* Sjá skýringu 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign 2014

Skýr.	Landsbréf Veltubréf	Landsbréf Sparibréf ríkisvixlar	Landsbréf Sparibréf stutt	Landsbréf Sparibréf meðallöng	Landsbréf Sparibréf löng	Landsbréf Sparibréf verðtr.	Landsbréf Sparibréf óverðtr.	Landsbréf Markaðsbréf	Landsbréf Global Equity Fund	Landsbréf Nordic 40	Landsbréf LEQ	Landsbréf LREAL *	Landsbréf LNOM *	2014 Samtals	2013 Samtals
Rekstrarhreyfingar															
Hagnaður (tap) fært á hlutdeildarskírteini.....	349.998	38.626	29.998	308.238	107.605	(79.559)	342.258	110.168	330.207	25.776	102.300	20.589	2.148	1.688.350	1.344.669
Fjármögnunhreyfingar															
Seld hlutdeildarskírteini.....	16.223.995	284.072	135.686	3.972.998	105.769	1.668.372	3.829.055	2.116.822	0	2.888	475.235	0	0	28.814.892	20.809.933
Innleyst hlutdeildarskírteini.....	(19.011.768)	(211.924)	(557.868)	(2.974.261)	(362.863)	(7.908.899)	(648.742)	(1.572.301)	(55.792)	(2.761)	0	(958.850)	(52.329)	(34.318.357)	(21.795.751)
Gjaldeyrisgengisáhrif.....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	(5.604)	0	0	0	(5.604)	(8.484)
	(2.787.773)	72.148	(422.182)	998.737	(257.094)	(6.240.527)	3.180.313	544.521	(55.792)	(5.478)	475.235	(958.850)	(52.329)	(5.509.070)	(994.302)
(Lækkun) hækkun á hreinni eign.....	(2.437.775)	110.774	(392.184)	1.306.976	(149.490)	(6.320.086)	3.522.571	654.689	274.414	20.298	577.534	(938.261)	(50.181)	(3.820.719)	350.367
Hrein eign í ársbyrjun.....	4.395.173	927.612	1.321.364	11.080.907	2.544.128	11.145.197	1.854.027	5.025.992	2.892.399	209.896	828.938	938.261	50.181	43.214.074	42.863.707
Hrein eign í lok ársins.....	1.957.398	1.038.386	929.180	12.387.882	2.394.638	4.825.111	5.376.598	5.680.681	3.166.814	230.194	1.406.472	0	0	39.393.355	43.214.074

* Sjá skýringu 8

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur FME um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Landsbréf hf. eru dótturfélag Landsbankans hf. og er A-hluti Landsbréfa hf. hluti af samstæðu Landsbankans hf. en sjóðir Landsbréfa hf. eru ekki hluti af samstæðu Landsbankans hf. nema í þeim tilvikum að samstæða Landsbankans eigi meirihluta hlutdeildarskírteina í einstökum sjóðum. Verðbréfasjóðurinn Landsbréf - LEQ er í meirihlutaeigu samstæðu Landsbankans í lok ársins og því tekinn í samstæðu Landsbankans hf. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan.

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

1.2 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjunum í rekstrarreikningi. Gengismunur vegna verðbréfa er færður til tekna eða gjalda miðað við síðasta skráða kaupgengi í lok ársins.

Í sjóðum skráðum í íslenskum krónum eru viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Í sjóðum skráðum í erlendra mynt er gengið fært yfir í íslenskar krónur í lok ársins. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

1.3 Umsýslupóknun

Verðbréfasjóðir B-hluta Landsbréfa hf. greiða A-hluta Landsbréfa hf. umsýslupóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem laun starfsmanna, markaðskostnað, endurskoðun, reikningshald sjóða, vörslupóknun og umsýslu. Auk þess greiða sjóðirnir hlutdeild í beinum útlögðum kostnaði sem ekki er innifalinn í póknun rekstrarfélagsins svo sem vegna endurskoðunar sjóðanna, kauphallarkostnaðar, fjármálakerfa (annarra en eignastýringarkerfis), áskriftar af verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, lögfræðikostnaðar og kostnaðar við prentun útboðslýsinga og ársreikninga. Umsýslupóknunin reiknast daglega sem fast hlutfall af hreinni eign viðkomandi sjóðs í þeirri mynt sem hann er í. Umsýslupóknun er sem hér segir:

	Umsýslu- póknun	Kostnaðar- hlutdeild
Veltubréf.....	0,35%	0,02% *
Landsbréf - Sparibréf ríkisvixlar.....	0,50%	
Landsbréf - Sparibréf stutt.....	0,80%	
Landsbréf - Sparibréf meðallöng.....	0,80%	
Landsbréf - Sparibréf löng.....	0,80%	
Landsbréf - Sparibréf verðtryggð.....	0,80%	
Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð.....	0,80%	
Landsbréf - Markaðsbréf	0,80%	0,05% *
Landsbréf - Global Equity Fund	1,50%	0,10% *
Landsbréf - Nordic 40.....	1,10%	0,10%
Landsbréf - LEQ.....	0,50%	0,15%

* Til viðbótar ofangreindri póknun greiðir sjóðurinn kostnað vegna opinbers eftirlits.

1.4 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands. Sjóðir sem eru með rekstur í erlendri mynt og starfsrækslugjaldmiðil annan en íslenskar krónur eru birtir í íslenskum krónum í reikningsskilum Landsbréfa hf. með því að nota það gengi sem síðast var skráð á árinu samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2015. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

1.5 Fjárfestingar

Verðbréf með föstum tekjum sem skráð eru á skipulegum, virkum og verðmyndandi verðbréfamarkaði eru metin á opinberu gengi í lok ársins. Virði annarra verðbréfa með föstum tekjum er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni. Sértek niðurfærsla er færð telji rekstrarfélag þörf á því.

Hlutabréf sem skráð eru á skipulegum og virkum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í lok ársins, þó að teknu tilliti til þess ef markaður er ekki talinn virkur þá er beitt öðrum aðferðum við mat þeirra eigna samanber hér að ofan. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildi á markaðnum 31. desember 2014.

Innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum og/eða gengismun miðað við lok ársins.

1.6 Aðrar eignir

Aðrar eignir eru óframkomin viðskipti og viðskiptakröfur. Aðrar eignir eru metnar á nafnvirði í lok ársins.

1.7 Aðrar skuldir

